



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

2.apríl 2002

**Umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum nr.129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 582.mál.**

### 1. Inngangur

Þetta frumvarp felur í sér breytingar varðandi þrenn lög sem snerta öll tekju- og eignaskatt en breytingarnar teljast svo óverulegar að til einföldunar voru þær sameinaðar í frumvarpinu. Þær miða að því að styrkja þá framkvæmd að maður sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi vegna eignar- eða stjórnunaraðildar skuli reikna sér endurgjald sem myndi stofn til tryggingagjalds og lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs. Einnig að kveðið verði á um kæruehimild til ríkisskattstjóra á ákvörðun skattstjóra um reiknað endurgjald í staðgreiðslu.

### 2. Frumvarpið

SVP telja ekki ástæðu til athugasemda við þetta frumvarp sem heild eða einstaka hluta þess.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu þakka fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um umrætt frumvarp.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri